




# Lífgeislur

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur

2. tbl. Júlí 1975



Til þess að vilja rétt þarf að vita rétt og það á talsvert hærra stigi en nú gerist.

*Helgi Pjeturss.*

# Jörðin okkar séð úr geimnum

(SJÁ FORSIÐUMYND)

Á myndinni sjáum við jörð okkar, eins og hún leit úr á aðfangadag jóla árið 1968, er geimfarar í Appollo 8 höfðu farið yfir bakhlið tunglsins, og sáu jörðina framundan rísa upp yfir sjóndeildarhring tunglsins, hærra og hærra. Meðan þeir svifu yfir bakhlið tunglsins misstu þeir sjónar af jörðinni í þrjá stundarfjórðunga, en nú kom hún aftur í ljós, og getum við ímyndað okkur fögnuð þeirra, að hafa jörðina, heimkynni sitt, aftur fyrir augum, og þannig mun þessi tilfinning hafa endurtekið sig, við hverja hringferð þeirra um tunglið, en þær urðu alls 10 í þessari ferð.

Frá tunglinu séð, eru kvartilaskipti á jörðinni, rétt eins og þau eru á tunglinu frá jörðinni séð.

Stjarnan okkar, Jörðin, er heimkynni okkar. Við jarðarbúar, ættum því að láta okkur annt um hana og um allar lífverur hennar. Við ættum að forðast að spilla náttúru hennar eða vinna henni og íbúum hennar nokkurt tjón.

Jörð okkar er enn eins og utanveltu í samsöng hnattanna. Við gerum okkur enn of litla grein fyrir því, að við erum ein af fjölskyldum himnanna, og að við þurfum að tengjast nánari vináttu- og bræðraböndum, þeim sem á öðrum stjörnum búa, í öðrum sólhverfum og öðrum vetrarbrautum. Og við þyrftum að vita, betur en enn er, að víða í alheimi eigum við að vini, sem eru þúsundum sinnum öflugri og vitrari en við getum gert okkur í hugarlund, og sem beina áhrifum sínum til jarðarinnar og leitast við að beina lífi hennar á rétta braut.

*Ingvar Agnarsson.*

Heimild: Bogen om Månen, eftir Asger  
Lundbak.

# Erindi

## Um framlífskenningar Nýals

Heimspækikenningar Nýals eru byggðar á hinum þekktu og óumdeildu niðurstöðum náttúruvísindanna, og beint framhald af þeim, eins og þeim fræðum var komið upp úr síðustu aldamótum og Helgi Pjeturss hafði lagt nokkurn skerf til með uppgötvunum sínum í jarðfræði. Þessar kenningar eru því að engu leyti trúarlegs eðlis, í líkingu við andatrú eða guðspeki, heldur náttúruvísindi, jafnvel rökum studd, eins og t. d. uppgötvun þyngdarlögmálsins.

Þessum fræðum verður ekki kynnst til hlítar nema við lestur þessa 6 binda ritsafns Helga Pjeturss sem einu nafni nefnist *Nýall* og kom út á árunum 1919—1947. En það er líka lestur sem enginn þarf eftir að sjá. Þar helst í hendur fagurt mál og afburðaskýr og ýtarleg framsetning. Hér verður ekki reynt að gefa neina heildarmynd þessara kenninga, enda ógerningur í stuttu máli, en aðeins minnst á nokkur atriði og þá einkum kenningu Nýals um framhald lífsins á stjörnunum.

Undirstaða lífsins í alheimi er alls staðar hin sama: efni. Alveg eins og allt líf þessarar jarðar er efnistengt og með öllu óhugsandi á annan veg, eins þróast lífið fram á öðrum lífstöðvum himingeimsins á efnislegum grunni. Lifað er á óteljandi hnöttum alheimsins. Summ staðar hefir lífið náð svo mikilli fullkomnun að vér jarðarbúar getum vart gert oss slíkt í hugarlund. Annars staðar er það ekki komið á framfaraleið — og svo er það á vorri jörð og fjölda annarra. Og svo hin ýmsu þróunarstig þar á milli. Einnig eru til lífstöðvar þar sem enn verr horfir en hér á jörðu. Á vorri jörð og fjölda annarra er lífið að hefja göngu sína — þ. e. vér höfum ekki lifað áður. Slíkar jarðir kallast frumlífsjarðir. Á öðrum stjörnum er framhald lífsins. Einnig eru sumir hnettir hvort tveggja í senn: framlífshnettir einna og frumlífshnettir annarra.

Framvindustefnur lífsins eru tvær. Annars vegar lífstefnan, stefna vaxandi farsældar og fullkomnunar, eða eins og það er orðað í Þónýal: „þar sem verið er á hinni góðu leið ná lifendur sífellt



fullkomnara sambandi við lengra komnar lífverur (og loks við upp-  
sprettu alls hins góða), eftir því sem þeir komast lengra í að vera  
meðlifendum sínum til góðs, en aldrei til ills.“ (bls. 221). Hins  
vegar helstefnan, stefna vaxandi þjáningar, þar sem þeir verða  
voldugastir og mest metnir, sem mestum grimmdarverkum valda.  
Af þeim toga er það spunnið sem ljótast er í sögu mannlífsins hér á  
jörðu, stórstyrjaldir galdrabrennur og hvers kyns annar ófarnaður.  
Og á mörgum framlífshnöttum eru hin illu öfl alls ráðandi og reyna  
mjög að ýta undir það að þannig sé lifað á hinum ýmsu frumlífs-  
jörðum, að sem flestir flytjist þaðan til hinna verri staða.

Hinir illu staðir lífsins eru líkt og fúablettir í lifandi holdi og  
torvelda mjög framgang hins guðlega tilgangs lífsins, en hann er  
sá — í fáum orðum sagt — að allt líf alheimsins verði ein samstillt  
heild. „Samband, samstilling er eðli lífsins“, segir Helgi Pjeturss  
(Nýall bls. 270), og ennfremur: „Tilgangur lífsins er einmitt sá að  
ná fullkomnum tókum á öllum möguleikum efnis og efnisheims,  
hefja efnisheiminn til guðlegrar fullkomunar.“ (Sannýall bls. 29).

Eftir andlátíð hér á jörðu kemur maðurinn fram á annarri jarð-  
stjörnu, þar sem lífið er skyldast því sem hugsun hans og líferni  
hafði stefnt til hér. Er því augljóst að hin nýju heimkynni geta ým-  
ist verið betri, verri eða svipuð þeim sem hann flutti frá. En hafi  
hinn framliðni lifað hér sómasamlegu lífi, eftir því sem aðstæður  
leyfðu og frekar reynt að láta gott af sér leiða heldur en hitt, er  
lífið í hinum nýju heimkynnum betra og þroskavænlegra en það sem  
hann hvarf frá. Ekki sízt liggur munurinn í því hversu fólkið er sam-  
stilltara í góðvild og framfaraviðleitni, heldur en jarðarbúar eru.  
Þessi öfluga samstilling til góðra verka gefur því svo aftur mögu-  
leika til miklu fullkomnara sambands við enn öflugri lífverur á öðr-  
um hnöttum, heldur en jarðarbúar geta enn fengið en verða að  
stefna að. Lífsafl hins framliðna skapar sér nýjan líkama úr efnum  
þess hnattar er hann flyzt til. Hinn framliðni man sína fyrri ævi  
alla og er að öllu leyti hinn sami og áður. En sé hann á framfaraleið  
er hinn nýi líkami sterkari og fegurri en sá sem hann yfirgaf hér.  
Þetta er sú endurholdgun sem sumir trúarhöfðingjar hafa boðað  
og haldið vera á þann veg að maðurinn fæddist hér á jörðinni aftur  
og aftur án sýnilegs tilgangs eða framfaramöguleika.

Þegar hinn framliðni hefir náð þeim þroska á þeim hnetti, er  
hann fyrst flutti til eftir andlát sitt hér á jörðu, að hann er hæfur til  
þátttöku í enn fullkomnara samfélagi, flyst hann til öflugri lífsstöðv-  
ar á öðrum hnetti. Þannig er framvinda lífsins þegar rétt er stefnt.



En á sama hátt flytjast illmenni frumlífsjarðanna til hinna verri staða framlífsins og geta haldið þar áfram á sömu braut — magnast í hinu illa — þó þau hafi hins vegar möguleika, með hjálp frá æðri lífstöðvum, til þess að bæta sig, komast á brott þaðan og tekið síðan að feta sig fram til betra lífs. Er mikil áhersla lögð á slíka björgunarstarfsemi í hinum betri stöðum. En fyrir verður helstefnan ekki sigruð en tekist hefur að breyta svo stefnunni á frumstöðvum lífsins að alveg taki fyrir innflutning þaðan til helstefnu- ríkja framlífsjarðanna.

Undarlegt má það teljast að enn í dag skuli flestir þeirra sem gera ráð fyrir framhaldi lífsins, aðhyllast þá skoðun að það sé eitt- hvert efnisvana og ósýnilegt andalíf á einhverjum svo kölluðum sviðum kringum jörðina. Undarlegt vegna þess að það er í ósam- ræmi við allt sem vitað er um eðli lífsins yfirleitt. Eitt sinn héldu menn að framhald lífsins væri á öðrum — þá óþekktum — stöðum á þessari jörð. Seinna kom svo kristindómur og fleiri trúarbrögð með sína tvo framlífsstaði í efra og neðra. Betri staðurinn uppi á svokallaðri festingu himinsins, sem margir héldu að væri efniskennt hvolfþak yfir jörðinni, en sól, tungl og stjörnur eins konar ljósa- skreyting innan á þessari miklu hvelfingu. Verri staðurinn var svo eithvert eldsdiki undir jörðinni. Þegar svo festing himinsins og eldstöðvarnar í neðra hurfu fyrir nokkurri þekkingu á næsta um- hverfi jarðar í himingeimnum, og þar varð ekki lengur fast undir fótum, spruttu upp hinar þokukenndu hugmyndir um andleg svið framlífsins umhverfis jörðina. Og með því að engin leið var til þess að samræma þetta þekkingu manna á nokkurn hátt, var búin til kenningin um fjórðu vídd og fleira í þeim dúr, sem átti að gera þessar ímynduðu framlífsstöðvar jafn óhlutkenndar fyrir jarðar- búum og tómarúmið sjálft.

Hér er það sem Helgi Þjeturss vísar mönnum leið út úr þoku trúarbragðanna og sýnir þeim fram á að lífið er hér fram komið fyrir orkugeislan frá öflugum lífstöðvum á öðrum stjörnum, að hin viti borna lífvera jarðarinnar getur ekki komist á örugga framfaraleið nema með því að hafa gott samband við þessa uppsprettu lífsins og að framhald lífsins er á öðrum stjörnum.

Meir en hálf öld er nú liðin síðan þessi fræði voru fyrst kunn- gerð Íslendingum og raunar fleiri þjóðum. Fálega var þeim boð- skap tekið þá og er svo reyndar enn. Þó ætti engum hugsandi manni að vera ókunnugt um að ekkert það hefir komið fram við umfangs- miklar rannsóknir vísindamanna er hnekki þar einu einasta atriði.



Hitt er heldur að staðfesting hafi þar fengist í mörgum greinum. Þegar Helgi Pjeturss skýrði fyrst frá uppgötvun sinni á lífgeislanum sem farveg hugsambands sólhverfa og vetrarbrauta milli, geisla sem færi þær vegalengdir á andartaki, sem ljósgeislinn væri þúsundir og milljónir ára að komast, þá fékk það litlar undirtektir og minnstar hjá þeim sem vísindamenn töldust. En nú hefir hugsambandið hlotið almenna viðurkenningu sem vísindaleg staðreynd og mikill fjöldi lærðra háskólamanna vinnur nú að því í mörgum löndum að kanna möguleika hugsambands og gera tilraunir í þeim efnum. Og þó í þessu felist ekki bein viðurkenning á tilveru lífgeislans — því ennþá segjast vísindamenn ekki þekkja hraðskreiðara fyrirbrigði en ljósgeislann — þá er líklegt að slík viðurkenning sé ekki langt undan.

Hér má einnig minna á þá ályktun sem líffræðingar telja sig nú verða að draga af rannsóknum sínum, að lífið hér á jörðu hljóti að vera aðkomið, en geti ekki hafa til orðið fyrir tilverknað jarðefnanna einna. Er hér um að ræða beina staðfestingu á einu af grundvallaratriðum Nýalsfræðinnar. Og fleira mun á eftir koma. Eða skyldi þeim nú ekki fara að fækka sem efast um að Helgi Pjeturss hafi séð rétt er hann sagði fyrir 60 árum að illa horfði fyrir mannkyninu þá og verr myndi þó fara ef ekki yrði snúið inn á heilavænlegri braut. Þeim hlýtur að fækka óðum, því úr öllum áttum heyrast nú háværar og óttaþrungnar raddir um yfirvofandi háska af fávískulegri umgengni manna við náttúruna.

Það er því augljóst að kenningar Nýals standa óhaggaðar og rannsóknir og reynsla sannar þær betur og betur. Stefubreyting er nauðsyn og til þess að hún geti orðið þarf að efla og bæta sambandið við fullkomnari lífverur á öðrum stjörnum. Hver hugsandi maður sem beitir dómgreind sinni af alhug, getur fullvissað sig um að lífsambandið milli stjarnanna er staðreynd. Í svefninum hlöðumst vér af aðsendri orku. Draumlíf vort er vanalegast vitsamband við íbúa annarra hnatta, að vísu oftast meira og minna brenglað og rangskilið, vegna þess hve sambandið er ófullkomið og ekki alltaf til góðra staða. Og hver miðilsfundur er einmitt slíkt samband. En það sem vantað hefir og vantar enn er að menn hafi skilið þetta rétt og kunnað að færa sér það í nyt.

Að vísu hefur ekki á það skort að komið hafi fram á ýmsum tímum spámenn, sem töldu sig til þess útvalda að leiða meðbræður sína á rétta leið og eru hin margvíslegu trúarbrögð til orðin af boðskap slíkra manna. Að baki flestra trúarkenninga býr nokkur sann-

leikur, sá sannleikur að vitverur á öðrum lífstöðvum hafa reynt að koma hinni nauðsynlegu þekkingu til jarðarbúa fyrir milligöngu hinna sambandsnæmu spámanna, en þeir hins vegar misskilið þann boðskap sem til þeirra var beint, sökum eigin þekkingarskorts og rangsnúins hugarfars og skilningsleysis samtíðarmanna sinna. Samkvæmt hinum nýalska skilningi voru guðir forfeðra vorra, Æsir, ekki neinn hugarburður heldur lengra komið mannkyn annarrar jarðstjörnu — svo fullkomið að hinir goðmálugu menn á Norðurlöndum töldu þá vera guði. Þessir öflugu sambandsvinir forfeðra leituðust við að leiða þá á braut lífstefunnar — og reyna enn við afkomendur þeirra — en sú tilraun mistókst í meginatriðum, en upp af henni spruttu hin alkunnu norrænu trúarbrögð, Ásatrúin. Sama gildir um guði Forn-Grikkja, Gyðinga o. fl. o. fl.

Þessum fáu orðum um trúarbrögð er viðeigandi að ljúka með stuttri málgrein úr Sannýal, svo hljóðandi:

„Framtíð Íslands er undir því komin, fyrst og fremst, að nægilega fullkomið samband geti tekist við slíkar verur sem trú fornanna á guði byggðist á — trú, sem eins og allur átrúnaður fyrri manna, var að mestu leyti misskilningur, og því gagnslítill.“ (bls. 206.)

Af þessu má sjá að kenningar Nýals stefna ekki gegn trúarbrögðunum, heldur lengra fram — til skilnings og þekkingar. Þekking kemur í trúar stað. Eða eins og Helgi Pjeturss orðar það: „Hið yfirnáttúrulega er í þessu efni úr sögunni, en líffræðin hefir verið færð út til stjarnanna.“ (Þónýall bls. 219).

Allar tilraunir til þess að snúa framvindu lífsins hér á jörðu í rétta átt, hafa hingað til strandað á vanþekkingu manna og sljóleika. En nú er komið að tímamótum. Með heimsfræði Nýals er mannkyninu færð sú þekking sem duga mun til stefnubreytingar ef nægur vilji er fyrir hendi.

Helgi Pjeturss telur að Íslendingar eigi og verði að gerast forgöngubjóð mannkynsins í þessu mikla björgunarstarfi, en það geti þó að vísu aðeins orðið að margir leggi þar lið sitt til. Þar kemur til greina það sem Helgi nefnir stillilögmálið, og er í því fólgið — með fáum orðum sagt — að engri hjálp verði við komið nema um það skapist einhugur mikils fjölda og skilningur á mikilvægi þess að stefnubreyting nái fram að ganga. Því geta Íslendingar ekki leyst af hendi slíkt forustuhlutverk nema mikill fjöldi veiti því brautargengi og meirihluti þjóðarinnar sé því að minnsta kosti ekki andvígur.



Félag Nýalssinna var til þess stofnað að vinna að framgangi þessa máls. Enginn skyldi efast um mikilvægi þess sem að er stefnt. Víst má segja að árangur hafi enn ekki orðið mikill, enda er skilningur almennings á réttmæti og mikilvægi málefnisins of lítill ennþá og liðsmenn of fáir. Þó hefir nokkuð þokast í áttina og áreiðanlega verður þar haldið áfram „unz brautin er brotin til enda.“

Það er grundvallarskilyrði þess að árangur verði af miðilsfundum, að fundarmenn geri sér skýra grein fyrir hvers eðlis það samband er, sem leitað er eftir og hvers þar er leitað. Vér verðum að leita sambands við lífverur á öðrum jarðstjörnum, fullkomnari að viti, mætti og góðvild, heldur en jarðarbúar eru. Og tilgangurinn með þeirri leit er sá að gera þessum öflugum vinum það kleift að magna oss og alla aðra sem magnast vilja láta — að nægi til þess að koma fram þeirri stefnubreytingu lífsins hér á jörðu, sem svo áriðandi er að takist. Því eins og Helgi Pjeturss kemst að orði: „Án þess að vita að á öðrum stjörnum eru fagrar og góðar verur sem vilja efla oss og hjálpa, og án þess að vita að á öðrum stjörnum er framhald lífsins, verður ekki komist á hina réttu leið, þá sem liggur til fullkomins sigurs á þjáning og dauða.“ (Nýall bls. 270). Eða með öðrum orðum: vér erum með þessari starfsemi að reyna að samstillast lífinu á hinum æðri lífstöðvum, gerast liðsmenn í framsókn lífsins í alheimi. Þess vegna er það að þau sambönd sem fást á slíkum fundum eru ekki fyrst og fremst við nýlátna ættingja og vini þeirra sem fundina sitja, þó það komi oft fyrir, miklu frekar við forfeður vora og formæður frá fyrri tímum, allt frá fyrstu áratugum Íslandsbyggðar og einnig við fólk af öðru þjóðerni. Því auðskilið er að þeir sem farnir eru fyrir mörgum öldum og jafnvel árþúsundum og hafa verið á framfaraleið æ síðan, eru undantekningarlítið öflugri hjálpendur en þeir sem nýlega eru fluttir héðan. Þess vegna er að því stefnt að ná sambandi við sem allra þroskaðastar lífverur, ekki aðeins þær sem upprunnar eru hér á jörðu, heldur einnig þær sem byrjað hafa lífsferil sinn á öðrum frumlífsstjörnum. Af þessu er augljóst að með slíkri starfsemi er stefnt að því að ná einnig sambandi við þær verur, sem trúarhöfundar og spámenn fyrri tíma kölluðu guði. Þess vegna leitum vér sambanda við Æsi og Ásynjur og marga aðra slíka vini. Og samband við þá fáum vér oft á svona fundum, þó það samband hafi hvergi nærri náð þeim styrkleika, sem vonir standa til að verði.

Það, hversu áriðandi er að gera sér grein fyrir hvers eðlis það samband er sem vér sækjumst eftir — hvers vér leitum — liggur

í rauninni ljóst fyrir. „Leitið og þér munuð finna,“ er haft eftir Jesú, og er það viturlega mælt, en það segir sig sjálft að leitin verður erfið og að öllum líkindum árangurslaus, nema vér vitum hvar leita skal og kunnum einhver skil á því sem leitað er eftir. Þó vér fréttum af lækningajurt einhvers staðar uppi á öræfum, jurt sem tæki öllum áður kunnum læknisdómum fram, þá yrði leitin erfið nema vér vissum hvar helst ætti að leita og alveg tilgangslaus án þess að vita talsvert um lit og lögum jurtarinnar. Á þennan hátt ber að skilja nauðsyn þekkingar við leitina að hinu mikla sambandi.

*Helgi Guðlaugsson.*

*(Erindi flutt á fræðslu- og miðilsfundi í Hveragerði 1973).*

## M Y R —

### spekiorð frá ýmsum tímum

- Blysberarnir selja blys sín öðrum í hönd. — *Plato.*
- Í bókasöfnunum tala ódauðlegar sálir hinna dánú. — *Plinius (23—79. Rómverskur spekingur).*
- Viljir þú skapa eitthvað, verður þú að vera eitthvað. — *Goethe.*
- Gerðir þessa lífs eru örlög þess næsta. — *Austurlenskt orðtak.*
- Lít á allar lífverur sem þín eigin börn. — *Austurlenskt.*
- Lífið er bernska ódauðleikans. — *Goethe.*
- Eina guðleysið er að afneita sannleikanum. — *A. Lynch, enskur eðlisfræðingur.*
- Mönnum gremst, hve sannleikurinn er einfaldur. — *Goethe.*
- Ef það er sannleikur, hverju skiptir þá hver segir það? — *Óþekktur höfundur.*



# Nokkur orð um erlendar rannsóknir sem styðja kenningar dr. Helga Pjeturss

Í gegnum árin hafa nýalssinnar getað fylgst með því, hvernig rannsóknir erl. fræðimanna, sérstaklega á sviði parasálfræði (fyrirburða- og sambandssálfræði), sem ekki hafa haft neina vitneskju um kenningar Helga Pjeturss, hafa ætíð orðið til að staðfesta eða auka líkurnar á, að kenningar dr. Helga séu réttar Engar rannsóknarniðurstöður hef ég hins vegar heyrt um, sem stangast á við kenningar hans. Segja má, að nú sé svo komið, að búið sé að sanna eða færa mjög góð rök fyrir flestum (a.m.k. mörgum) þáttum kenninga hans, að kenningunni um framhaldslíf og flutning lífvera á milli pláneta undanskilinni, en athugun þess fyrirbæris hefur fram að þessu aðallega hvílt á samtökum, sem ekki hafa aðstöðu til að notfæra sér þau rándýru rannsóknartæki, sem vel mætti nota til a.m.k. byrjunarrannsókna á framhaldslífi. Líkurnar eru miklar á, að um framlíf sé að ræða, en beinar sannanir með hjálp tölva og línurita þarf að fá, eigi kenning þessi að verða almenint viðurkennd á hinum svokölluðu æðri stöðum.

Ætla ég nú að nefna örfá dæmi um erlendar rannsóknir, sem máli skipta varðandi kenningar dr. Helga, en ég styðst svo til eingöngu við hina stórmerkilegu bók „Psychic Discoveres behind the Iron Curtain,“ sem ég rakst nýlega á, en var fyrst gefin út árið 1970.

1. (Er ekki í áður nefndri bók): Rannsóknir Austurríkisbúans Wilfried Daim — aðallega á 5. áratug þessarar aldar. Hann færði sterk rök fyrir því, að hugsamband geti orsakað drauma, þótt ekki hafi hann reynt að sýna fram á, að hugsamband sé alltaf orsök drauma. Gerð var grein fyrir kenningum W. Daim í Íslenzkri stefnu af Þorsteini Guðjónssyni (Íslenzk stefna, apríl, 1956, bls. 8).
2. Rannsóknir bandaríkjamannsins Cleve Backster, sem hefur sýnt fram á, með hjálp svokallaðra lygamæla (og trúlega annarra tækja líka), að plöntur hafa mjög næma „tilfinningu“ fyrir því sem er að gerast í öðrum lífverum — bæði andlega og líkamlega. Þetta eru góð rök fyrir þeirri kenningu, að um sé



- að ræða ósýnilegt samband eða tengsl á milli allra eininga lífheimsins — lífsamband.
3. Þrátt fyrir geysimiklar rannsóknir hefur sovétmönnum ekki tekist að sýna fram á, að hugsamband berist með rafsegulbylgjum.
  4. Sovéski stærðfræðingurinn Shishkin er nú að vinna úr þeirri tilgátu sinni, að hugsamband berist með meiri hraða en ljósið með sveiflum eða titringi í s.k. ímynduðu („theorized“) sviði.
  5. Viðtakandi hugsambands var settur í samband við nákvæman fleirrita, sem framkvæmt gat stærðfræðilega greiningu á heilabylgjum. Hugsamband kom mjög greinilega fram á tækinu.
  6. Heilalínurit (EEG) sýnir breytingar bæði í sendanda og viðtakanda.
  7. Sýnt hefur verið fram á, að hugsanir eða heilastarfsemi einnar persónu geta haft áhrif á hugsanir og líkamsstarfsemi annarrar persónu.
  8. Menn gera sér ekki nærri alltaf grein fyrir því, þegar þeim berast áhrif eða hugsanir frá öðrum. En þessi ómeðvitudu áhrif er hægt að greina og sýna fram á með tækjum.
  9. Tilfinningar manna (sem aðrir menn geta haft áhrif á — sjálfrátt og ósjálfrátt) hafa t.d. áhrif á fjölda hvítra blóðkorna (og þar með á getu einstaklingsins til að verjast ýmsum sjúkdómum).
  10. PK (psychokinesis (flutningur hluta með hugarorku)): Mekanisminn í því er einhvers konar titringur eða ölduhreyfing í lífafslvæði líkamans (hefur náðst inn á tæki). Höfundar hugleiða þarna, hvort einhver tengsl séu á milli þessarar niðurstaðna sovétmanna varðandi ölduhræringar og þeirra almennu lýsinga miðla á því, að miðilsástandið orsakist af einhvers konar skjálfta eða titringi.
  11. Komið hefur í ljós, að hjarta og heili PK-persónu, sem er að beita eiginleikum sínum, púlsi í takt við púlsana eða ölduhreyfinguna í lífafslvæði líkamans.
  12. Sól, tungl, veður og e. t. v. pláneturnar hafa áhrif á orkulíkamann (lífafslvæði líkamans).
  13. Um fljúgandi diska: Til er ógrynni skjalfestra lýsinga á fljúgandi diskum í Sovétríkjunum. Mikill fjöldi vísindamanna hefur staðfest að hafa séð þá, en slíkt er mjög sjaldgæft á vesturlöndum. Margar lýsinganna virðast staðfesta þá skoðun a. m.

- k. margra Nýalssinna, að s. k. fljúgandi diskar efnist eða líkamnist hér, þar eð oft er óskýrra útlína og misjafns þéttleika þessara hluta getið.
14. Svo virðist, sem Däniken er skrifaði m. a. bókina „Vorur guðirnir geimfarar“ hafi stóran hluta hugmynda sinna frá sovéskum vísindamönnum.
  15. Rafsegulsvið og önnur eðlisfræðileg fyrirbæri virðast geta haft áhrif á hugsamband — sovétmenn telja sig geta magnað upp eða auðveldað hugsamband (einnig miðilssamband?) með sérstökum útbúnaði, sem þeir ekki fást til að skýra nánar frá (hátíðnirafsegulsvið virðist t.d. auðvelda hugsamband).
  16. Færð hafa verið sterk rök fyrir því, að heimilisdýr viti oft hugsanir eigandans í gegnum hugsamband.
  17. „Artificial reincarnation“ („íleiðsla“): Dr. V. L. Raikov notar dáleiðslu til að þjálfra hæfileika á ýmsum sviðum:
    - a. Venjuleg dáleiðsla: heilinn sýnir mjög litla virkni — sú eða sá dáleiðdi hlýðir fyrst og fremst skipunum dáleiðarans.
    - b. Reincarnation: Mjög djúp dáleiðsla. Eftir að hafa dáleitt fólk með þessum hætti, telur hann því trú um, að það sé t. d. einn af hinum miklu meisturum málalístarinnar og segir því að mála. Í þessu ástandi er heilinn mjög virkur — virkari en þegar um enga dáleiðslu er að ræða og fólk sýnir meiri hæfileika við viðkomandi vernkað (þ.e. að mála málverk) en það gerir ódaleitt. Raikov telur sig þarna vera að nota eiginleika fólks, sem það geti við venjulegar aðstæður ekki notað sér. En er ekki hugsanlegt, að með þessari „reincarnation“ sé dáleiðarinn raunverulega að koma þeim dáleidda í samband við hina framliðnu meistara. Hægt ætti að vera, t. d. með hjálp heilalínurita, sem framkv. getur stærðfræðilega greiningu á heilabylgjunum, að skera úr um þetta atriði. Í „reincarnation“ hefur sá dáleiðdi fulla meðvitund.
  18. „Kirlian effect“ — þ. e., með því að hafa lífverur í hátíðnirafsviði, kemur lífafsvæði líkama þeirra, ára, biological plasma eða hvað þetta er nú kallað í ljós — hægt er bæði að horfa á lífafsvæðið beint í gegnum þar til gerð tæki og að festa það á filmu. Aðallega hafa lífafsvæði plantna og manna verið athugaðir. Nokkur athyglisverð atriði:
    - a. Ástand lífafsvæðisins virðist endurspegla bæði andlegt og líkamlegt ástand manna. Þannig er t. d. hægt að greina



- sjúkdóma, löngu áður en þeirra verður vart með venjulegum sjúkdómsgreiningum.
- b. Lífaflsvæðið varðveitist þótt hluti af líkama viðkomandi lífveru sé fjarlægður (sbr. t.d. „vofuverki“). Lífaflsvæðið er sem sagt ekki hægt að hluta í sundur — það er annað hvort allt til staðar eða hverfur allt (dauði).
  - c. Dauði lífveru, eins og hann kemur fram í kirlian-tækinu: „smám saman, eftir því, sem dauðinn færir yfir lífveruna sjást n. k. neistar og blossom skjótast burt frá lífaflsvæðinu. Með öðru tæki, s. k. „biological field detector“ (lífaflsvæðisnema) koma fram bylgjandi ölduhreyfingar í orkusvæði líkamans, frá nýdáiinni lífveru. Í bókinni koma ekki fram fullnægjandi útskýringar á því, hvernig þetta tæki verkar.
  - d. Sovérbúi, sem læknað getur með handayfirlagningu, var athugaður í kirlian-tækinu. Meðan á lækningu með handayfirlagningu stóð, minnkaði almennt birtan frá hendi lífaflsvæða læknisins, nema hvað frá smáu svæði á hendi hans kom fram mjór, skær geisli.
  - e. Punktur þeir, sem notaðir eru í nálarstunguaðferðinni kínaversku, koma fram í lífaflsvæðinu sem sérstaklega skær svæði. Nú er unnið að rannsóknum á nálarstunguaðferðinni í ljósi þeirra nýju þekkingar, sem fékkst með hjálp kirlian-tækisins.
  - f. Eftir því sem sagt er í bókinni, er hægt að efla psychic-eiginleika manns með að örva vissa staði á upphandlegg með nálarstunguaðferðinni.
19. Dáleiðslutilraun (Tékknesk): Maður dáleiddur, látinn vera án fæðu í 3 vikur, en látinn ímynda sér, að hann væri í aldingarði og mætti neyta þar ávaxta. Eftir þessar 3 vikur hafði maðurinn þyngst við það að éta alla þessa ímynduðu ávexti.
  20. Við hæfi er að enda þessar lauslegu tilvitnanir með orðum bandarísks vísindamanns, sem fylgst hafði með hugsambands-tilraunum tékka: „Tékkar hafa sýnt fram á 98% öryggi (áreiðanleika) hugsambands. Eða með öðrum orðum meiri áreiðanleika en með síma- og radíósambandi.“

Hér er einungis um að ræða mjög lauslega samantekt á nokkrum þeirra atriða í fyrrnefndri bók, sem líkleg eru til að vekja sérstaklega áhuga Nýalssinna.



Bók þessi er sem slík ekki sett upp á strangvísindalegan máta, heldur eru höfundar hennar að reyna að minnast lauslega á sem flest atriði, sem þeir urðu vísari um á ferð sinni í austur-evrópu. Reynt er í bókinni að bæta þetta upp með mjög góðri heimildaskrá, sem inniheldur 425 titla á ritum og greinum. Gaman væri að sjá heildarúttekt á heimildum þessum, en slíkt yrði sjálfsagt eins til tveggja ára vinna fyrir fullfrískan mann og gerði hann varla annað á meðan.

En eitt er fullvíst, og það er, að stórmikil tíðindi hafa gerst og eru í vændum á sviði rannsókna á ýmsum þeim atriðum, sem sérstaklega skipta máli varðandi þær kenningar, sem Nýalssinnar hafa flykt séu um. Um það vitnar fyrirnefnd bók, svo og fjöldi annarra rita um lík efni.

*Ólafur Halldórsson.*

*(Erindi flutt á félagsfundum Nýalssinna,  
3. febrúar 1975).*

## M Y R —

### spekiorð frá ýmsum tímum

- Maður girnist ekki stjörnunna, en gleðst yfir dýrð hennar. — *Goethe.*
- Það er brattgengt til stjarnanna. (Per ardua ad astro). — *Seneca (4 f. Kr.—65 e. Kr. Rómverskur spekingur.)*
- Sjálfir guðirnir berjast árangurslaust gegn heimskunni. — *Schiller (1759—1805. Þýskt skáld).*
- Gæskan er lögunum æðri. — *Kínverskt máltæki.*
- Guð er sannleikurinn og ljósið skuggi hans. — *Plato (427—347 f. Kr. Grískur heimspekingur).*
- Mikilmenni glatar aldrei einfaldleika barnsins. — *Mencius (372—289 f. Kr. Kínverskur spekingur).*

# Áhrifamáttur tónlistar og hljómasambanda

Þegar rætt er um tónlist manna á meðal, er yfirleitt talað um hana sem skemmtiefni, misjafnlega áhugavert, eftir því hvaða áhuga og skoðun menn hafa á þeim efnum. Þá eru ræddar þær tegundir tónlistar sem efst eru á baugi í það skiptið, stefnur þær sem ráða, og þau verk sem eru í tísku þegar samtalið fer fram. Mönnum þykja lög og tónverk misjafnlega góð eða slæm, hver leggur sinn skilning í verkið, og eftir skamma stund er umræðuefnið gleymt og grafið um sinn.

En lítið er rætt um hinar dýpri hliðar hljómlistar, svo sem skyldleika tóna og hljómasambanda, og þau áhrif sem þau geta skapað ef rétt er með þau farið.

Nú eru það einmitt þessar hliðar hljómlistarinnar sem áhuga-verðastar eru, sérstaklega fyrir félag Nýalssinna, þar sem sterkar líkur eru á, að þetta sé hið merkasta málefni, sem valdið gæti byltingu í starfsemi félagsins, sérstaklega með tilliti til samstillingar og eflingu lífssambanda.

Hljómlistin mun að líkindum vera einhver elsta listgrein mannkynsins og í fyrstu hafa forfeður vorir barið saman tveimur spýtum til að framkalla hljóð, og síðan hefur verið slegið í hellur og hola trjáboli, sem gáfu bergmál. Þetta hefur svo verið undanfari trumburnar, sem enn gegnir svo mikilsverðu hlutverki hjá frumstæðum þjóðum.

Má í því sambandi minna á trumbumáiið alkunna, sem notað var til að senda með skilaboð langar leiðir, og einnig vita allir hvernig indíánar notuðu trumburnar til að æsa sig upp áður en lagt var af stað í stríð. Þá komst á orkusamband milli tilfinninga þess sem sló, og hins æsandi taktar sláttarins, og áheyranda, sem komust í stríðsskap.

Hliðstæða atburði er að finna enn þann dag í dag, og má þar nefna þau áhrif sem ýmsar vinsælar beat-hljómsveitir hafa á tilheyrendur sína, en þær ná svo miklum tókum á þeim sem hlusta, að um algera múgsefjun verður að ræða, og má öllum ljóst vera hve það afl væri sterkt, ef virkjað væri á réttan hátt.

Ef vel er að gáð, má finna ýmsar frásagnir um afl hljómlistarinnar í gömlum heimildum, sem skýra frá beitingu tóna og hljómasambanda bæði til gagns og ógagns.



Í gömlum, þjóðsagnakenndum fræðum er sagt frá því að vættir og verur ýmis konar sungu og kváðu, og slógu hörpur og seiddu þannig til sín mennska menn. Svo mikið var afl tónanna.

Í Odysseyfs kvíðu segir Hómer frá því, þegar gyðjan Kirka vísar Odysseifi til vegar, og segir við hann: — „Hygg nú að því sem ég segi þér, mun og guð sjálfur minna þig þar á. Fyrst muntu koma til Sírena, er seiða alla menn, ef nokkur kemur nærri þeim. Ef nokkurr nálgast Sírenur óvörum, og heyrir rödd þeirra, þá mun ekki kona hans koma á fund hans, né ungbörn hans verða fegin heimkomu hans, því Sírenur sitja á engi nokkru og seiða menn með söng, þar hjá þeim er stór hrúga af beinum þeirra manna er fúna þar og þorna upp í skinni.

Þú skalt róa langt út frá þeim, þú skalt taka hunangssætt vax, og hnoða, og drepa því í eyru förunauta þinna svo engi þeirra heyri. En langi þig sjálfan til að heyra, þá skulu þeir binda þig á því fljóta skipi á höndum og fótum uppréttan við siglutréð, getur þú svo með því móti haft þá skemmtun að heyra rödd beggja Sírena. En ef þú biður féлага þína, og mælist til að þeir leysi þig, þá skulu þeir binda þig með enn fleiri böndum.“

Og þó að ýmis íslensk fræði, svo sem þjóðsögur, séu nú ekki hátt skrifaðar hjá þjóðinni, og jafnvel talin ómerkilegar lygar, er þar margt að finna, sem er tiltölulega óbrenslað, og mun kannski er tímar líða, vera talið til hinna merkustu heimilda.

Þannig er að finna í þjóðsögum Jóns Árnasonar heimild um notkun hljóms, sem hefur haft ákveðnu hlutverki að gegna.

Þar segir frá álfabók, eða kveri, sem fannst á þúfu í Búðardal, þurrt og þokkalegt, eftir að illviðri og hríð höfðu gengið um daginn. Úr þessu kveri er síðan birtur einn sálmur, og upphafsvers úr öðrum, og hljóðar það svo:

Tóna má tvo fá,  
traust með hljóða hylli,  
so saman dilli.

Því miður er framhaldið ekki birt, en það gæti hafa verið hið fróðlegasta, því þarna er verið að lýsa tveimur tónum, sem stilltir voru saman til áhrifa.

Enn fremur má minna á gamla sögn um Mídas konung, sem fékk það erfiða hlutskipti að velja um, hvor léki betur, skógarguðinn Pan á reyrblístru sína eða söngguðinn Appollo á hörpu sína. Sýnir



Þetta vel, hve nátengd hljómlistin er guðum og átrúnaði, og verður komið nánar að því síðar.

En hvernig er hægt að skilgreina tóna og hljómasambönd, og hvernig er hægt að beita þeim til áhrifa?

Hver er munurinn á hinum ýmsu áhrifum hljómasambanda, og hvað er til góðs og hvað er til ills?

Til að svara þessum spurningum, svo að gagni verði, þarf að byrja á upphafinu, hinum einstaka tóni, sköpun hans, tilveru og krafti.

Þegar tónn er myndaður, til dæmis sleginn strengur, fer hann að sveiflast og senda frá sér hljóðöldur, misjafnar að bylgjulengd, sem eyrað greinir síðan sem tón eða hljóð. Hæð tóns fer eftir sveiflutíðni hans, og gefur tíðari sveifla hærri tón. Til grundvallar þessu er hafður tónninn A á miðju píanóinu, sem sveiflast 435 sinnum á sekúndu. Næsti A tónn, áttund ofar, hefur helmingi hærri tíðni, og svo framvegis.

Sé titið á hljóðöldurnar og tíðni þeirra til samans, kemur í ljós, að auk þess að gefa tón, leysist geysilegur kraftur úr læðingi, og er þar um að ræða raunverulegt afl, sem nota mætti á ýmsa vegu, þó ekki sé nú gert, svo nokkru nemi. Nú er hér að vísu aðeins rætt um þá tóna sem mannlegt eyra getur greint, en það er einungis hluti af tónsviðinu. Komið hefur í ljós, að t.d. dýr heyra tóna sem eru fyrir utan hið mannlega heyrnarsvið. Óperusöngkonan fræga, Maria Callas hefur til dæmis sungið tón, sem aðeins hundar skynjuðu.

Afl það, sem losnar úr læðingi þegar tónn myndast, verður til vegna þeirrar tilhneigingar hluta að sveiflast með sínum eigin tóni, en allir hlutir gefa frá sér tón ef í þá er slegið. Efniskenndir hlutir fara að sveiflast með ef þeirra eigin tónn er leikinn hjá þeim, og það stundum svo, að það veldur þeim skemmdum.

Miklir söngvarar geta drepit fingri á glasbrún, og heyrt þannig hvaða tón glasið gefur frá sér, og ef þeir svo syngja þennan tón inn í glasið af fullum styrk, fer glasið að sveiflast með, uns það brotnar.

Heimsfræg söngkona við óperu eina, söng þannig í sundur stóra krystalsljósakrónu sem hékk yfir sviðinu, og féll hún niður, og var brotin í mál áður en hún snerti gólfið.

Fullvíst má telja, að þessi orka hefur einnig verið notuð þegar múrar Jeríkó voru felldir með lúðrablæstri einum saman, svo sem segir frá í Biblífunni.

Þegar tveir tónar eða fleiri eru leiknir saman, myndast hljómur. Einfaldasta gerð hljóms, er aðeins tveir tónar, og þó að aðeins sé notað eitt hljóðfæri, myndast mörg og ólík sambönd úr þessum tveimur tónum. Síðan kemur mannseyrað til skjalanna, skynjar hljóminn, og síðan ákveður smekkur og tilfinning heyrandans, hvort hljómurinn fellur honum í geð. Svo undarlega vill til, að smekkur manna á þessu er svo til eins, og þannig eru sum tónbil talin áheyrilegri en önnur.

Má þar nefna þríundir, sexundir og áttundir, sem láta vel í eyrum, og eru kölluð ómþýð tónbil. Þau tónbil sem falla mönnum illa í geð eru kölluð ómstríð. Sum þeirra eru jafnvel svo ónotaleg, að hinar verstu tilfinningar vakna hjá fólki, sem heyrir þau. Hið ómstríðasta þeirra allra er stækkaða ferundin, t.d. c-fís, og er það sniðgengið sem mest í söng, en hins vegar mikið notað í bílflautum, vegna þeirra áhrifa sem það veldur.

En ómblíðu tónbilin eru falleg og skemmtileg, og vekja yndi og ánægju.

Af þessu leiðir það, að ef kunnáttumenn raða saman tónröðum með hinum ýmsu tónbilum á vissan hátt, geta þeir haft stjórn á tilfinningum áheyrandans svo að segja eftir vild.

Miklir snillingar geta túlkað tilfinningar sínar í tónum, svo að þær verði öllum ljósar, og einnig er hægt að segja heilar sögur í tónum. Má þar til nefna Blómálfavalsinn eftir Tshaikowsky, en þar hefur hvert hljóðfæri sitt ákveðna hlutverk að þessu leyti, og áheyrandinn getur heyrt og fundið álfana dansa, sólina skína og vindinn bæra blöð trjánna á heitum sumardegi. Það ástand sem áheyrandinn kemst í, leiðir stundum til þess, að honum finnst hann sjálfur vera þátttakandi í atburðarásinni, og þarna getur jafnvel upphafist sambandsástand.

Ekki er úr vegi að álíta, að ef hljómlist væri leikin á sambandsfundu, sem fellur við þá samstillingu sem þar þarf, gæti skapast mikil orka, sem hefði svo aftur örfandi áhrif á fundarmenn, og jafnvel opnaði beina leið til þeirra sem samband er haft við.

Þarna gæti bæði verið um að ræða heil tónverk, og einnig vissa röð af hljómasamböndum, sem breytast innbyrðis, en mynda ekki samfellda laglínu.

Alkunna er sú merkilega staðreynd, að nornir og fjölkýngismenn góluðu galdra sína fyrr á öldum, þegar töfrum skyldi beita. Af hverju mæltu þau ekki einfaldlega fram töfraorðin? Var það af því, að orðin sjálf voru einskis nýt, en innbyrðishljómastaða góls-



ins leysti þá orku úr læðingi sem þurfti til að undarlegir hlutir gerðust?

Nú má telja líkur fyrir því að unnt sé að sameina fundarmenn með tónlist, og mynda úr þeim eina órofa heild, en til þess að svo megi verða, þarf að vinna bug á mismunandi tilfinningu manna fyrir músík. Nú er alltaf nokkur hópur manna, sem aldrei hrífst af músík, hvernig svo sem hún er fram reidd. En þó að ráð muni vera til, gegn þessu vandamáli, verður ekki farið út í það hér að þessu sinni.

Hitt er öllu meiri nauðsyn, að rannsaka áhrif hinna ýmsu hljóma-sambanda, og finna út með tilraunum áhrif þeirra hvers um sig, svo takast mætti að efla sambönd og samstillingu. Einnig mætti gera tilraun með hin sígildu tónverk gömlu meistaranna, og leika þau í upphafi funda svo að salurinn bókstaflega fyllist af hljómlist, án þess að um hávaða yrði að ræða. Þó mætti ætla, að í þannig tónsmíð sé of mikið af sundurleitum hljómasamböndum til þess að mikilla áhrifa gæti. Nú vill svo til, að einmitt félag Nýalssinna hefur fært nær óhrekjandi rök fyrir tilvist og gildi hljómasambanda. Að vísu hefur því ekki verið veitt verðug eftirtekt ennþá, enda hefur ekki verið litið á gildi hljómlistar áður á þennan hátt.

Í Snæfellsnesför Nýalssinna s.l. sumar, kom það fyrir, þó að það sé ekki enn skjalfest, að á miðilsfundi talaði maður nokkur í gegn um miðilinn, og ræddi um, að söngur félagsmanna þar áður hefði mest miðant á fuglagarg. Þetta atriði er mjög merkilegt, vegna þess, að þarna hafa menn sungið óundirbúið, og eflaust hafa a. m. k. einhverjir einhverntíma sungið ranga eða falska nótu. Þá hafa skapast þau hljómasambönd, sem verkað hafa á verri veg, og það svo, að upplýsingar komu um það í gegn um miðilinn. Mætti jafnvel ætla, að hinn góði tilgangur fundarmanna hafi ekki nægt til að vega á móti þessu.

Í félagsblaði Nýalssinna er að finna merkar upplýsingar um hljómlist, og þarf að athuga það miklu nánar.

Í grein sem segir frá miðilsfundi sem haldinn var 28. ágúst 1971, er all langur kafli hafður eftir Skáld-Rósu. Þar segir hún m.a. svo:

— Nú stendur þannig á hér í stöðinni að fram er að koma hópur af gyðjum. Þær eru frá fjarlægri vetrarbraut. Þessum dýrðlegu verum fylgir hljómur mikill og unaðslegur, sem gagntekur alla viðstadda. —

Og á fundi 19. júlí 1971, segir Freyr svo:

— Og hér er nú staddur gestur frá fjarlægri vetrarbraut. Hann er ákaflega fagur, og það lýsir mjög af honum. Honum fylgir mikill og fagur hljómur. Okkur hér fylgir einnig hljómur, en ekki eins fagur og hjá þessum gesti. —

Nú vaknar sú hugsun, hvað mundi gerast, ef tónfróður maður í sambandsástandi heyrði þessa hljóma, og gæti skilgreint þá, svo að hægt væri að framleiða þá hér, og hversu stórkostleg sambönd gætu þá ekki skapast.

Einnig væri fróðlegt að vita hvort einhverjir félagsmanna hafi ekki heyrt í draumi eða sambandsástandi svona hljóma, eða aðra líka. Slíkar frásagnir gætu haft mikið rannsóknagildi, ef um athuganir á hljómasamböndum væri að ræða. Sem algert samstillingarhámark með hljómlist má e. t. v. benda á grein í félagsblaðinu nr. 31, frá júní 1971 sem ber nafnið Samsöngur hnattanna, en það sem þar er um rætt, hef ég ekki haft aðstöðu til að kynna mér, en efallaust getur einhver félagsmaður gert því skil.

Af þessum þáttum, sem drepíð hefur verið á hér að framan, má glögg sjá, hve afl tónlistarinnar hefur verið mikið gegn um aldirnar, og komið víða við sögu. Ekki virðist heldur hljómlistin vera einskorðuð við þann heim er við byggjum, nema síður sé, því hún virðist vera aðstoðartæki vætta, álfa, framliðinna manna og guða.

Er hér greinilega um mikinn óplægðan akur að ræða, og væri til mikils að vinna ef hægt væri að virkja þennan kraft og nýta sem stillingar- og sambandsorku.

*Garðar Olgeirsson.*

*(Flutt á félagsfundum Nýalssinna 1975 af K.N.)*

## M Y R —

### spekiorð frá ýmsum tímum

- Verum hljóð, svo að vér heyrum hvísl guðanna. — *Emerson (1803—1882. Amerískur rithöfundur).*
- Þúsund orð ná ekki áhrifum einnar dáðar. — *Ibsen (1828—1906. Norskt skáld).*
- Sérhver gerð þín mun dæma þig á sínum tíma. — *Ibsen.*



# Greinar

## Flutningar á milli stjarna

### I.

Því miður fóru þau að mestu fram hjá mér erindi Gísla Halldórssonar *um eldflug til annarra hnatta*, og get ég búist við, að margt hafi í þeim erindum verið gaman að heyra. Og þakkir eiga þeir skilið, sem á einhvern hátt verða til þess að vekja athygli á stjörnunum og sambandi við þær. En þó að möguleikar kunni að vera til þess að ferðast verði á milli stjarna með einhvers konar geimförum, þá er slíkt langferðalag miklu hugsanlegra með öðrum hætti. Þetta, að hugsa sér slíkt ferðalag með geimförum, er ákaflega sambærilegt við það, að menn hefðu farið að gera áætlanir með kallstöðvar svo háværar, að heyra mætti héðan til Noregs eða Bretlandseyja. Má vel vera, að slíkar kallstöðvar væru hugsanlegar og þó einkum ef gert væri ráð fyrir millistöðvum á leiðinni. En eins og kunnugt er, þá er til önnur, miklu betri og auðveldari aðferð til þess að láta heyra til sín landa á milli en sú að framleiða einhvern reginhávaða, og má furðulegt heita, að mönnum skuli ekki hafa hugkvæmst eitthvert framhald af því í sambandi við flutninga á milli stjarna. Og enn meiri furða er þetta þó, þar sem undirstaða þessa hefir þegar verið hugsuð og það af stórum meira viti en allar þær geimfarahugmyndir, sem fram hafa komið. Má um þá undirstöðu lesa í ritum dr. Helga Pjeturss, og skal nú í fáum orðum reynt að gera grein fyrir henni.

### II.

Það er að vísu óhugsanlegt frá eðlisfræðilegu sjónarmiði séð að tala um sál eða anda sem eitthvað sérstakt og fráskilið hinu líkamlega. En þó er ekki rangt að segja, að hver hlutur hafi sína sál, og er það þó greinilegast um lifandi einstaklinga eða þá hluti, sem gerðir eru af sérstakri hugsun eða list. Og það má gera sér grein fyrir því, í hverju það liggur, sem nefna mætti sál slíks hlutar eða

einstaklings. Málverk t. d. er, eins og allir geta séð, ákveðin niðurskipan lína og lita. Eða með öðrum orðum, málverk er línur og litir, sem raðað hefir verið á léreft þannig, að það vekur ákveðnar tilfinningar eða hugrenningar hjá áhorfanda. Og röðun eða niðurskipan línanna og litanna er þar aðalatriðið eða það, sem áhrifunum veldur. Í henni, og engu öðru, er sál listaverksins falin. Og sé það nú hugleitt, hvað um er að ræða, þegar einn hlutur leitast við að geisla áhrifum sínum til annars, þá er það einmitt falið í því að koma þar á sinni skipan eða niðurröðun, sinni sál. Það er með öðrum orðum sjálfan sig, sem hver hlutur er að leitast við að framleiða á hverjum þeim stað, sem hann geislar áhrifum sínum til. Og á þessum grundvelli ætti það nú ekki að vera neinn sérstakur vandi að hugsa sér möguleika til ferðalaga um þær leiðir, sem varla eða ekki væri hugsanlegt að koma við neinum farartækjum, því að til þess þyrfti ekki annað en að finna skilyrði til, að þessari allsherjarviðleitni allra hluta gæti stöku sinnum orðið framgengt til fulls.

### III.

Það hefur á seinni árum stundum verið talað um „fljúgandi diska“, og hafa sumir viljað ætla, að þar væri að ræða um heimsóknir frá öðrum hnöttum. En þó mun ekki vera svo sem menn ætla. Raunveruleikinn er sá, að engin dæmi munu vera til um það, að ferðast hafi verið á milli hnatta með neins konar diskum, eldflaugum eða öðrum þeim farartækjum, sem væru beint framhald af flugvélum eða skipum. En þó að segja megí fyrir víst, að aldrei hafi komið hingað til jarðarinnar geimfar frá öðrum hnetti, þá er ekki þar með sagt, að aldrei hafi átt sér stað þaðan neinar heimsóknir hingað. Miklu heldur er á hinn veginn, að ástæða sé til að ætla, að þær hafi stundum átt sér stað eða einhver vísir til þeirra. Á ég hér við svipi eða líkamninga þeirra, sem ekki voru lengur íbúar þessarar jarðar. Og um það, að þessir svipir eða líkamningar hafi raunverulega átt sér stað, ættu menn að geta orðið sannfærðir af því, að þar hafa stundum komið við sögu hinir ágætustu vísindamenn. Má þar til nefna Sir William Crookes, sem rannsakaði líkamninginn Katie King, og náttúrufræðinginn dr. Helga Pjeturss, sem eitthvert sinn sá slíkar verur eða svipi, að engir jarðarbúar komust þar til jafns.

Nú kynni að vísu einhver að segja, að ekki hafi verið vitað, að verur þessar hafi verið gestir frá öðrum stjörnum. En hvaða leið er þó til þess að komast hjá þeirri ályktun? Eins og ég sagði hér að



framan, þá er það eðlisfræðilega óhugsanlegt, að lifendur geti nokkru sinni verið nema líkamlegir. Og hvar væru þá staðir fyrir lifendur, nema á öðrum stjörnum? Sannleikurinn er sá, að hafi hér nokkru sinni orðið vart lifenda, sem ekki áttu heima á þessari jörð, þá hafa þeir hlotið að eiga heima á einhverjum öðrum jörðum, því að um önnur heimkynni getur hvergi verið að ræða. Og geri menn sér ljóst það sem vikið var að í kaflanum hér að framan, þá verður þetta ekki neitt óskiljanlegt. Hinn skiljanlegi möguleiki er þarna sá, að vera á annarri stjörnu geislar áhrifum sínum til staðar hér á jörðu, þar sem skilyrði eru fyrir þessi áhrif að koma fram að nokkru. Það sem til þarf, er aflsvæði til móttöku hinna tilgeisl-  
andi áhrifa og eftirgjöf á lífstarfi einhverra viðstaddra. Til þess að líkamningur geti birst eða orðið til, verða hinir viðstöddu og þó einkum miðillinn að láta nokkuð af mörkum, láta nokkuð af sjálf-  
um sér. Og hér fer það nú loks að verða skiljanlegt, að lifað sé áfram eftir dauðann.

Þó að því hafi lengi verið trúað, að maður lifi þótt hann deyi, og þó að á seinni áratugum hafi fengist fyrir því það sem varla er unnt að telja minna en fullgildar sannanir, þá eru margir, sem ekki vilja taka það til greina. Og ástæðan til þess er sú, að þessir menn hafa ekki getað séð til þess neina eðlisfræðilega möguleika, að látinir lifi. En hér er það, sem sá möguleiki er fundinn. Með því að horfa til stjarnanna, eru óneitanlega fundnir staðir handa þeim, sem ekki eru lengur íbúar þessarar jarðar, en hafa þó sannað tilveru sína, og með því að láta sér skiljast það, sem að var vikið, eru einnig fundnir hinir eðlisfræðilegu möguleikar til þess, að látinn maður hafi getað ferðast þær vegalengdir, sem eru héðan til annara hnatta. Og þetta, að sýnilegir og áþreifanlegir líkamningar skuli stundum hafa komið fram, það sannar ekki einungis möguleikann fyrir hinni löngu ferð hvers lifanda við lok ævi sinnar hér, heldur einnig hitt, að möguleikar kunni að verða til þess að ferðast á lík-  
an hátt — skyndiheimsóknir til annarra hnatta. En það sem næst liggur þó fyrir íbúa jarðarinnar, er að bæta og fullkomna þessi sambönd við íbúa annarra stjarna, sem eiga sér stað í hvert einasta skipti og sofið er. Aðalatriðið er, eins og sakir standa, að læra að stilla svo til, að viðleitni hlutanna til að laga eftir sér, verði fram-  
gengt aðeins þaðan, sem góðvildin er ríkjandi, viskan og fegurðin, en það mun best takast með því að efla sína eigin visku og sam-  
takahug. Og þegar það færi að takast, mundu draumar manna fara að verða þeim líkt og hinar unaðslegustu ferðir, því að svefnsam-

böndin yrðu þá aðeins við íbúa hinna fegurstu og dýrðlegustu staða.

*Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum.  
Ritað um 1959.*

Grein Þorsteins Jónssonar um þetta efni — hér að framan og skrifuð var áður en hann komst á þá skoðun að hinir „fljúgandi diskar“ væru raunverulega til, og væru hamfarafyrirbæri — er fróðlegt dæmi þess, hvernig sannsækin hugsun fer stundum nærri hinu rétta, án þess að ná því til fulls.

Það er eftirtektarvert, að í þessari grein fer Þorsteinn, um leið og hann sleppir því orði, að segja megi fyrir víst að aldrei hafi komið til jarðarinnar geimfar frá öðrum hnetti — þar á hann auðvitað við ferðalag með hætti eldflauga um geiminn — þá fer hann samstundis að tala um að líkamningar hafi komið til jarðarinnar frá öðrum hnöttum.

Það eina sem vantaði þarna á var að gera sér grein fyrir því, að „diskarnir“ væru nú einmitt líkamaðir hingað til arðar. Á þennan einfalda hátt leystist gátan, og þar með er líka orðið stórum vænlegra til framgangs fyrir stefnu Nýals hér á jörð, þar sem nú er hægt að benda á að líkamningafyrirbæri gerast enn þann dag í dag, og heyra ekki sögunni einni til.

Vert er að vekja athygli á því að Helgi Þjeturss hefur minnst á væntanlegar geimferðir í ritum sínum (Þónýall). Taldi hann þær hugsanlegar innan sólhverfis en taldi tormerki á að þær gætu orðið um óraleiðir algeimsins. „Má telja víst að með þeim hætti muni ekki komast á hið svo afarnaðsynlega samband vort við íbúa stjarnanna, heldur muni það verða með tilstyrk vísinda, sem lítillar viðurkenningar hafa orðið aðnjótandi ennþá.“ (Þónýall, bls. 327).

P. G.



# Enn um helstefnu í listum

Meðal eftirtektarverðra ritgerða í 1. tölublaði Lífgeisla, maí 1975, er ein með þessari yfirskrift eftir Ingvar Agnarsson. Fjallar hún um efni, sem mér er ekki kunnugt um, að opinber skoðana-skripti hafi farið fram á, varðandi þann skilning, sem þar er í ljós leiddur. Hefir mér oft á síðari tímum komið þetta alvarlega mál í hug og rætt við ýmsa. Er vel að ísinn er hér brotinn og rökræður væntanlega hafnar. — Eftirtektarvert er, að á síðari öldum, jafnhliða því, þegar mannsandinn var að losna úr viðjum og andlegu myrkri miðaldanna, var einnig mikill gróandi í stefnu og sköpun fagurra lista, sem enn rísa mjög hátt. Svo gægist nú fram stefna gagnstæð í þessum efnum, sem eflst hefir á þessari öld, og í ýmsum greinum stefnir til ófarnaðar, með vaxandi hraða. Hér þarf að verða breyting á. Fyrst að vekja athygli á þessu alvarlega efni í anda þess, sem nefndur höfundur gerir og eins að greiða fyrir áhuga og rétttri skoðun á gildi fagurra og göfugra lista, sem myndi verða lyftistöng fyrir farsælla og fegurra mannlíf hér á jörðu.

*Bjarni Bjarnason, Brekkubæ.*

## Fornöld, miðaldir og nýja öld

Dálítill ruglingur hefur verið á því hvernig menn nefna hin ýmsu tímabil Íslandssögunnar, og er það vandræðalegast, að sumum hefur orðið það á að nefna fornöld Íslands miðaldir og fornmennt miðaldamenn. Stafar þetta mest af því, að menn hafa ekki greint á réttan hátt milli íslenskrar sögu og erlendra samkvæmt eðli málsins. En eðli málsins er það, að reisin sú og tign, sem mörgum Evrópumönnum hefur fundist einkenna hina grísk-rómversku fornöld (þrátt fyrir allt) er mest yfir öðrum tíma í Íslandssögu en í Suðurlandasögu. Miðaldir eru taldar hefjast í Evrópu með falli Rómaveldis árið 479 eða nokkrum öldum fyrir Íslandsbyggð. En full-

gild hliðstæða þeirra skiptingar er að telja fornöld Íslands ljúka árið 1262 með Gamla sáttmála (sem svo er réttnefndur). Fornöld Íslendinga telst því frá *landnámi* 874 til 1262, þegar lokið er að mestu innlendu valdi en erlend kirkja og erlendir konungar taka að mestu við landsforráðum.

Frá 1262—1550 eru réttnefndar miðaldir Íslands, enda er það langmyrkasti kaflinn í sögu þjóðarinnar og sá sem fæstar heimildir eru til um. Það er varla hægt að hugsa sér meiri vanskilning á sögunni en þann, sem skellir þessum tveim tímabilum saman og nefnir einu nafni miðaldir. Ef nokkur tímabil greinast skýrt að í sögunni, þá eru það þessi bæði hvað snertir landshagi og lífsviðhorf, stjórnarfar, menntun og menningu alla. Ef einhver væri sem ekki fyndi muninn á hinni skapandi snilli *Sólarljóða* og svo hinu guðfræðilega kerfi *Lilju*, þá er varla við því að búast að sá maður væri glöggur á aðra þætti aldarfarsins. Hvortveggja teljast kristileg kvæði, en þó standa *Sólarljóð* um flest nær hinum heiðnu kvæðum Eddu en hinu katólska helgikvæði frá miðri 14. öld. Í hinu fyrrnefnda kvæði er sólarsýn til annarra heima og höfundurinn yrkir út frá sjálfum sér og sambandsreynslu sinni, en í hinu síðara er aðeins um að ræða útlistanir á samþykktum rétttrúnaðaratriðum. Þó er *Lilja* mikið listaverk á sinn hátt, en hvað hugsun og sanngildi snertir er hún næsta fátækleg í samanburði við *Sólarljóð*.

Enginn skyldi heldur lítilsvirða hið íslenska miðaldatímabil, þó að það sé niðurlægingartími, því að mörgu bjargaði það og varðveitti, meðal annars efniviðinn í komandi kynslóðir og þar með okkur sem nú erum. Í lok tímabilsins fara að sjást batamerki á ný, og íslenskir menn komast þá að nýju á biskupsstóla, og eru sumir þeirra mjög merkir, eins og Sveinn spaki Pétursson og Jón Arason. En sá síðarnefndi hafði, auk þess að vera þjóðarforingi og skáld, mjög merkilegar skoðanir á trúmálum. Hafnaði hann með öllu útskúfunarkenningu kirkjunnar — eins og kemur fram í kvæði því sem *Ljómur* heitir (fleirtöluorð) — enda hafa Íslendingar löngum illa þýðst boðskapinn um eilífar refsingar.

Með falli Jóns Arasonar er lokið hinum íslensku miðöldum, en ekki hefst þó neitt framfaraskeið hér á landi við þau tímamót, heldur eitt hið allra svartasta tímaskeið, þar sem er öld Stóradóms, galdrabrenna, verslunareinokunar, harðæris og mannfækkunar. Tíminn frá 1550—1700 er sá sem næst hefur gengið lífi þjóðarinnar og munu Íslendingar hafa verið orðnir helmingi færri við lok þess tímabils en við upphaf þess. Heimildir um mannfjölda eru að



vísu af skornum skammti, en óhugsandi er það með öllu, sem sumir hafa verið að tala um, að Íslendingar hafi verið álíka margir um 1700 og nokkrum öldum fyrr. Það þarf ekki lengi að lesa í mann-talinu frá 1703 til þess að sjá hversu vonlaust verk það hefði verið að ætla sér að kveðja upp fjölmenna heri meðal hinna fátæku og þjáðu leiguliða, sem þá byggðu þetta land. Til samanburðar er gott að hafa það, að haustið 1243 hafði Þórður kakali Sighvatsson nær 1500 manns tiltæka í Þjóðólfsholti í Borgarfirði og voru nær allir úr vesturhéraðum landsins — en sem betur fór þurfti ekki að beita því líði til neinna hermdarverka. En þessi liðsafli er glöggur vitn-isburður um hagsældina sem þá var.

Um 1700 eða nokkru síðar tel ég straumhvörfin vera að byrja í íslenskri sögu, og eru dagboðar á lofti þaðan af, þó að skíman sé reyndar býsna dauf framan af. En í áttina er stefnt fram til 1940, og getur engum dulist hver framfara- og umbótahugur var í þjóð-inni framan af þessari öld, en um það sem síðan hefur orðið er bezt að hver dæmi eftir því sem hann eða hún kann best að sjá. Aðaltímabil Íslandssögunnar eru þá þessi þrjú:

Fornöld, frá 874—1262, það er frá landnámi til loka þjóðveldis.

Miðaldir, frá 1262—1550, það er frá valdatöku konungs og kirkju til falls Jóns Arasonar.

Nýja öld frá 1550—1940 en hún skiptist í niðurdrepsöld frá 1550—1700 og framfaraöld frá 1700—1940.

Þessi skipting hygg ég að sé rökrétt og eðlileg, enda hafa margir aðhyllast eitthvað sem líkist henni. En sérstaklega er hún í góðu samræmi við þann söguskilning sem sjálfur er hluti framfaraafslins. Afturfararandinn á sér engan söguskilning nema neikvæðan.

*Þorsteinn Guðjónsson.*

## M Y R —

### spekiorð frá ýmsum tímum

- Samviskan táknar návist Guðs í sál mannsins. — *Swedenborg (1688—1772. Sænskur heimspekingur).*
- Samviskan er áttaviti sem alltaf þarf að vera í lagi. — *H. Redwood, enskur rithöfundur.*
- Það er mikil synd að drepa fagra hugsun. — *Ibsen.*

# Draumar

## DRAUMUR UM SKÖRP SKUGGASKIL Í LANDSLAGI

### I.

Mig dreymdi að ég stóð úti og horfði til fjalla. Himinninn í þá átt var rauður mjög og skýjaður og fjöllin voru einnig rauðleit mjög. Land og himinn litu út, eins og væri þetta nokkru fyrir sólarupprás. Ég hugsaði með sjálfum mér: „Ég vil fara til þessara fjalla og vera þar, er sólin kemur upp.“ Þykist ég svo fara á bíl, áleiðis til fjallanna. En ekki man ég neitt um þá ferð að segja, og mun hún hafa tekið mjög skamman tíma, því brátt var ég þar kominn og fór þar að ganga um og virða fyrir mér landslagið. Skal nú nokkuð reynt að segja frá því er fyrir mig þar. Sólróðinn á himninum var mjög skær og lagði þennan rauða bjarma yfir allt landslagið. Ég var staddur á klöppum nokkrum, sléttum og fægðum, eins og jökulnúnar klappir eru víða á landi okkar, og þær voru ávalar og bunguvaxnar. Birtuna frá rauðum himninum lagði yfir þessar klappir, beint á móti mér, því ég gekk áfram móti birtunni. Og klappirnar virtust allar rauðar og rauðgular. En eitt var undarlegt og allt öðruvísi, en þekkt á okkar jörð: Þar sem skugga bar á, sást bókstaflega ekkert. Þar var allt hulið sjónum mínum. Ég gekk eftir þessum bunguvöxnu klöppum og stundum utan í þeim og frá einni klöpp til annarar. Á milli klappanna var allt í skugga. Þar sá ég því ekki niður fyrir fætur mér. Og er ég leit niður eftir mér, sá ég aðeins þangað niður, sem skugginn byrjaði. Þannig sá ég mig sjálfan, eitt sinn, aðeins niður að mitti, í annað skipti aðeins niður að hnjám, allt eftir því, hvað skuggarnir frá klöppunum náðu hátt upp eftir mér. Eitt sinn hrasaði ég, því þar var um einhverja ójöfnu að ræða. Skildi ég þá, að óvarlegt væri að ganga, þar sem slíkt myrkur var við jörðina. Reyndi ég síðan að vera sem mest uppi á bungunum, því þar var allt í birtu. Loks stansaði ég, virti fyrir mér þennan rauða himin og þóttist segja við sjálfan mig: „Ég held, að ég fari nú að snúa við, því ég sé ekki, að sólin ætli neitt að koma upp.“ — Endaði þar draumurinn.



## II.

Það sem mér finnst athyglisverðast í þessum draumi, er það, hve skilin eru skörp milli birtu og skugga. Mun slíkt ekki eiga sér stað á okkar jörð. Aftur á móti er vitað, að á tunglinu eru birtuskil mjög skörp, enda er þar um algjört loftleysi að ræða. En á stjörnu þessa draumgjafa míns hlýtur að hafa verið loft, eins og alls staðar þar, sem menn eiga að geta lifað. Hugsanlegt er, að á hnetti draumgjafa míns séu ríkjandi aðrar aðstæður, en á okkar jörð, hvað andrúmsloft snertir. Einnig væri hugsanlegt, að sjónsvið draumgjafa míns sé nokkru þrengra en sjónsvið manna á okkar hnetti. — Sjónsvið ljósmyndavéla er hægt að stilla þannig, að aðeins sjáist, það sem birta fellur á, en að allt sem er í skugga, komi fram sem algjört myrkur.

Vitað er að sjónsvið ýmissa dýra, er nokkuð annað en sjónsvið mannsins. Sum þeirra sjá mjög vel í mikilli birtu en sjá varla neitt í skugga eða myrkri. Önnur sjá vel í myrkri en illa í birtu.

Það væri því ekki alveg út í bláinn, að hugsa sér, að sjónskynjun manna á sumum öðrum hnöttum væri í einhverju frábrugðin sjónhæfileikum manna á okkar jörð.

*Ingvar Agnarsson.*

*(Dreymt 20. febrúar 1974).*

## DRAUMUR UM SÍTT HÁR

Mig dreymdi, að ég leit í spegil og sá þá, að ég hafði mikið ljóst hár, og náðu lokkarnir niður á axlir, og flöksuðust til, er ég hnykkti til höfðinu. Hárið leit út fyrir að vera ógreitt. — Ég undraðist nokkuð þetta síða hár og hugsaði: „Þetta er skrýtið. Það er eins og ég sé orðinn bitill.“ Draumurinn var ekki lengri.

Í draumi þessum virðist svo, sem mín eigin vitund hafi komið að nokkru fram í draumnum, því ég undraðist, að vera kominn með svona mikið hár. Draumgjafi minn, sem auðvitað hefur vitað um hið síða hár sitt, mundi ekki hafa undrast.

Það er ekki óþekkt í draumi, að vitund dreymandans komi fram.

*Ingvar Agnarsson.*

*(Dreymt 27. ágúst 1972).*

## Sambandsfundir

Miðilsfundur að Úlfsstöðum 2. nóvember 1974.

*Prándur, formaður (Sigurði):* Þetta er ekki svo galið. Orka virðist vera töluverð hjá ykkur. Þó þyrfti hún að vera margfalt meiri. En nýta má þetta þó að ófullkomið sé. Ég er framliðinn maður og tala frá heimahnetti mínum. Hann og sólhverfi mitt er í sömu vetrarbraut og ykkar sólhverfi. Töluverður spotti er þó á milli eða svo að skiptir nokkrum tugum ljósára. — Mikill fengur væri að þessu, ef hægt væri að lyfta þessu sambandi á ofurlítið hærra stig. Til þess þyrfti orka ykkar að vera svo mikil, að þið gætuð skynjað til okkar. Nú þessa stundina skynja ég ofurlítið til ykkar. Ég finn áhrif frá hverjum ykkar, en aflsvæðið er ekki nógu sterkt til þess að ég sjái ykkur skýrt. En þetta stendur til bóta. Það koma ekki allir dagar í böggli, en afl ykkar og þróttur getur vaxið svo, að nýta megi þetta samband miklu betur.

(Spurt: Hvað þarf til þess?)

Að efla lífsþrótt ykkar. Þið þyrftuð að vera betur vakandi, finna betur til straums þess, sem sendur er til ykkar og óhjákvæmilega fer um ykkur. Einnig skaðar umhverfið ofurlítið. Hugsun manna er um of þver við þá hugsun, sem hér ríkir hjá okkur. En vinir ykkar og samstarfsmenn eru eflir mjög og hjálpa til að magna tilraunir ykkar, og hefir þessu óneitanlega miðað í áttina. — Rétt er að ég framkvæmi ofurlitla tilraun og færi mig um set og tali af Sveini.

*(Sveini):* Ég er ekki nógu sterkur til að geta sagt nýjungar eða frumlegar hugsanir, en hug hefi ég einmitt á að geta sagt eitthvað, sem ekki hefir verið áður sagt við ykkur. Það er vissulega tilgangur með tilverunni, þó að mönnum takist ekki vel að koma auga á þann tilgang á jörðu ykkar, þar sem þið dragið fram lífið, ef ég má svo að orði komast. Að ég er að ympra á þessu, er til þess að koma að einhverjum hugleiðingum um lífið og tilveruna, og reyna ætla ég nú að tala af Sigurði aftur.

*(Sigurði):* Já, ekki gengur svo sem skyldi. En rétt er að geta þess að hér er miður dagur, og er sól lítið eitt gengin til vesturs.

(Spurt: Hefir það nokkur áhrif á miðilssambandið?)

Nei, nei. Ég er aðeins að segja ykkur, hvernig hér er umhorfs. Við höfum eina sól, en dagur hjá okkur er lítið eitt lengri en hjá ykkur. Við deilum tímanum á mjög líkan hátt og gert er hjá ykkur. Hér úr stjörnusambandsstöð okkar sé ég vítt yfir.



Prándur er nafn mitt.

Ég var á hnetti ykkar um og eftir 900.

(Spurt: Hvernig er það, vill ekki gleymskan grafa það, sem hér var lifað, þegar fram líður?)

Öfugt er því farið. Eftir því sem vitundin þroskast betur, þeim mun gleggri verður hún á það, sem liðið er. — Ég vildi aðeins lítilllega segja ykkur frá umhverfi mínu, þó að í stórum dráttum verði. Ég sagði, að fjallahringur væri víður, og gróska er mikil í öllu lífi hér hjá okkur.

(Spurt: Á það við um dýralífið líka?)

Já. Það fylgir óhjákvæmilega með. Þegar á kemst samstilling á einum hnetti, á það sér stað í öllu lífi og hefir mjög mikil áhrif á alla náttúru. — Hér í þessum dal mínum liðast allstór og fögur á, og vex víðast hvar mjög yndislegur gróður á bökkum hennar.

(Spurt: Er ekki gróður í ánni og fiskar?)

Jú, jú. Nóg er af lífi í ám og vötnum okkar, og getum við haft mjög mikið yndi af því lífi. Einnig getum við beint orku okkar til þess lífs. Blóm eru hér mjög skrautleg, og lífsafl þeirra er svo mikið, að segja má, að lýsi af þeim sumum. Hér er mikil aðgát höfð í umgengni við allt líf, og má með nokkrum sanni segja, að náði samband sé á milli manna, dýra og jurta. Einnig eigum við hér stendur líkt og gerist á öðrum hnöttum. Þar eru sandar, og skeldýr ýmiskonar berast upp í flæðarmálið, og eykur það mjög á alla fegurð. Hér er líka burknagróður og mjög mörg millistig upp í stór tré.

(Spurt: Eru hlýindi og raki á þessari jörð?)

Já. Hlýindi eru hér mikil, en þó aldrei svo, að óþægindum valdi. Vindar geta blásið hér, en þó aldrei til skaða. Einnig rignir hér svo sem á öðrum hnöttum, sem líf þróa. Samstilling okkar mannkyns er orðin nógu mikil til þess, að unnt er að stjórna þessu svo, að til heilla verði. Þetta er enginn hugarburður. Þeim mun betur sem öllu lífi líður, þeim mun betri verður öll náttúran. Þetta helst algjörlega í hendur.

(Spurt: Er þetta ekki svipað og hér?)

Hjá ykkur er ekki um heilsteypta samstillingu að ræða. Hjá ykkur er blandað til góðs og á verri veg. Það þarf mjög mikið átak á hverjum einum hnetti til að koma lífinu á óbyggjandi framfarabraut og æ sterkara lífafls. Um þetta stendur raunverulega mikill styr. Þeir, sem byggja framfarahnetti, vilja mjög koma sínu

ástandi á hjá styttra komnum mannkynjum, en aðrir, einnig mjög stór og öflugur hópur, vill halda sínum samböndum og eru ekki á því að sleppa sínum tókum með góðu.

(Spurt: Lifa dýr áfram?)

Allt, sem lifir, á fyrir sér framtíð. Dýr, sem því nafni skyldu nefnast, hafa mörg hver öðlast meira vit en margt af fólki því, sem byggir frumlífsjarðir. — Við hér höfum mikinn hug á að efla samband ykkar til þess meðal annars að ná betri tókum á lækningamætti. Eins og háttar til hjá ykkur nú, er þetta of tilviljanakennt. Kæmist þetta hins vegar á hærra og fullkomnara stig, mundi verða auðveldara að magna hvern einn miklu meiri líforku. Við það stæltist líkami viðkomanda og allt líf hans yrði fyllra. Hugur hvers mundi einnig breytast, verða góðgjarnari og mildari í garð samstirninga sinna. — Hér í þessum dal mínum, ef ég mætti eigna mér hann, hefi ég búið töluverðan tíma, og er varla hægt með orðum að lýsa því lífi, sem við lifum. Eina leiðin í því efni væri að geta gefið ykkur hlutdeild í afli okkar. Það erum við að reyna, en það er mjög erfitt, enn sem komið er. — Ég þakka ykkur þolinmæðina, vinir, þolinmæðina að hlusta á mig. Mjög vildi ég segja ykkur margt fleira og af því, sem máli skipti fyrir hnött ykkar. Að vísu má segja, að allar upplýsingar séu betri en engar. Þökk ykkur öllum. Verið sæl.

*Ullur:* Sæl verið þið. Mjög vil ég styrkja fund ykkar. Við Æsir og Ásynjur munum leggja okkur öll fram til að magna aflsvæði ykkar. Fleiri en ég vilja við ykkur mæla, Þór, Baldur, Sif og Lofn. Sá fyrsti Baldur, vill mæla frá Sveini:

*Baldur:* Við Æsir og Ásynjur hugsum mjög til ykkar, og hefðum við hér þau tók, sem við þyrftum, þá væri ekkert því til fyrirstöðu að sækja ykkur heim. Það mætti kalla mikla framför, ef slíkt tækist. Í framtíðinni mun slíkt verða algengur viðburður hér á jörðu. Frá fjarlægum stjörnum verða þá tíðar heimsóknir, og verður það þá öllum hið mesta áhugamál á jörð ykkar að stuðla að slíkum samgöngum. Nú eru Æsir og Ásynjur flestum jarðarbúum ekki annað en dauð nöfn, þó að raunveruleikinn sé sá, að beir lifa og eru menn á miklu hærra stigi, hvað afl, visku og fegurð snertir. Reyna viljum við Æsir að hjálpa Íslendingum að gegna sínu forystuhlutverki, því hlutverki að rétta við framsóknina og leiða rangstefnu í rétta átt . . . Verið sæl.

*Lofn:* Heil og sæl. Lofn mælir. Mjög væri það mikið, sem áynnist, ef takast mætti að magna ykkur svo, að þið sæjuð útlit



okkar. Við eurm í mikilli fjarlægð. Milli vetrarbrauta okkar er ljósið 67 milljónir ára að berast. Þessi vegalengd hefir þó ekki áhrif gegn því, að við getum sent líforku okkar til ykkar. Við veitum vinum ykkar í ykkar vetrarbraut mikið lið og heimsækjum þá nokkuð oft. Við lifum mjög fullkomnu lífi. Þó eru aðrar lífstöðvar, sem við sækjum afl til, og njótum við þaðan mikils styrks. Fleiri vilja við ykkur mæla. Verið sæl.

*Jónas Steinsson:* Sæl og blessuð. (Talar til Áslaugar). Betur hefi ég nú náð mér en ég hafði áður búist við að ég ætti eftir. Svo sterkur er ég orðinn og öflugur bæði andlega og líkamlega.

(Spurt: Varstu ekki fljótur að átta þig?)

Peir tóku vel á móti mér, og ég fékk alla aðstoð, sem ég þurfti. Og fljótlega áttaði ég mig á, hvert ég var kominn. Þetta reyndist allt standast, sem ég hafði heyrt hjá ykkur. Það var mikil gleði og hressing að koma á þennan hnött, sjá þetta og sannfærast um það allt, og að þetta var hið rétta, sem þið höfðuð sagt.

(Spurt: Hefur þú hitt bræður þína?)

Já, auðvitað, góða. Peir hafa sína sál og sinn líkama eins og ég og lifa á jörðu líkamlega. Það er fagnaðarfundur alltaf, þegar um fundi okkar er að ræða.

(Spurt: Eruð þið á sama hnetti?)

Já, sama hnetti og sama landi . . . Hér sjáum við í draumi á aðra hnetti skýrt og greinilega og betur en unnt er að lýsa. Mjög þykir mér yndislegt draumlífið og ég nýt þess óumræðilega.

(Spurt: Hvað starfar þú núna?)

Störfin hér skipta nokkru máli, því að án þess að eitthvað sé haft fyrir stafni, verður lífið ekki eins skemmtilegt. Ég tek mér oft bók í hönd til að auka við þekkingu mína. Lærdómslöngun er vöknud og mikill hugur á að læra. Annars starfa ég nokkuð við ræktun. Það er nóg að starfa hér. Það má segja, að hér séu ótæmandi verkefni. Dýr eru hér mörg nokkuð og góður og skemmtilegur félagsskapur manna og dýra. Ég fer stundum á hestbak, þó ekki af því ég þurfi þess, heldur mér til ánægju. Svo flýg ég, ef mér leikur hugur á, í lofti, eða svíf eins og fugl, en þó án nokkurra vængja. Orku hefi ég, sem gerir það mögulegt, og er sú orka yfirleitt hjá öllum hér. Þetta tókst fljótlega eftir að ég var hress orðinn. Það var fljótlega, að ég fékk þennan kraft í nægilega ríku mæli. Nú er ég mörgum sinnum sterkari en nokkurt ykkar hér, og þykir mér það helst að, að geta ekki veitt ykkur þátt í þeirri orku nægilega. Verið blessuð og sæl.

# Til lesenda Lífgeisla

## I.

Ýmsir hafa kynnt sér kenningar dr. Helga Pjeturss og margir hafa lesið Nýalsbækur hans. Ekki veit ég hversu stórt hefur verið upplag Nýalanna í fyrstu útgáfu þeirra, en það mun hafa verið nokkuð mismunandi eftir bókum, og voru þær að koma út sem hér segir:

Nýall á árunum 1919—1922		523 bls.
Ennýall	árið 1929	256 —
Framnýall	— 1941	341 —
Viðnýall	— 1942	146 —
Sannýall	— 1943	250 —
Þónýall	— 1947	408 —
		<hr/>
		Alls 1924 bls.

Árið 1955 kom svo út önnur útgáfa þessara rita, og var upplag bókanna 2000 eintök eða samtals 12.000 einstakar bækur. Sala ritanna hefur ekki verið ör, frekar en við var að búast, og hefur dreyfst nokkuð jafnt á þau ár sem liðin eru frá útgáfu þeirra, en þó er nú svo komið, að tiltölulega fá eintök eru eftir óseld af ritum þessum. Þeir eru því ekki svo fáir, sem lesið hafa og kynnt sér rit og kenningar dr. Helga Pjeturss.

Samt sem áður hefur verið furðu hljótt um heimsskilning þann, sem bækur þessar boða. Og veldur þar miklu, að lærðir menn, svokallaðir, eða fræðimenn, hafa ekki tekið þetta mál upp á arma sína, svo sem hefði átt að vera, heldur reynt að sniðganga það sem mest og þegja yfir þeim merkilegu og augljósu sannindum og möguleikum til vitsauka sem kenningar dr. Helga Pjeturss leggja mönnum upp í hendur.



## II.

Hlutverk *Lífgeisla* er að glæða áhuga sem flestra á þeim málum er varða lífið í þeim stórkostlega heimi, sem við lifum í og mun byggja á þeim undirstöðuskilningi á allri tilveru, sem dr. Helgi Pjeturss lagði með rannsóknum sínum og uppgötvunum í alheimslíffræði.

Lífið annars staðar í alheimi þarf ekki lengur að vera okkur með öllu ókunnugt, og vita þurfum við að frá lengra komnum vinum er þeirrar hjálpar að vænta, sem duga mun til þess að breytt verði hér um frá hinni ríkjandi rangstefnu til lífstefnu, þeirrar stefnu sem svo mikil er nauðsyn á að sigrað geti á jörðu okkar. Og vita þurfum við, að til þess að sá sigur geti unnist, verða sem flestir að vera þar með en ekki móti.

## III.

Kæru lesendur, stuðlið að því að *Lífgeislar* geti náð til sem flestra. Aflið þeim *áskrifenda*, eftir því sem ástæður og aðstaða hvers eins gefur tækifæri til.

Við viljum einnig beina þeim eindregnu tilmælum til ykkar, hvers og eins, að þið sendið *Lífgeislum* efni til birtingar. Flestir hafa frá einhverju markverðu að segja, svo sem draumum, fyrirburðum ýmiss konar sem þið hafið reynt, og ýmsu fleiru.

Því aðeins getur blaðið orðið læsilegt og fjölbreytt að sem flestir leggi því til efni til birtingar.

*F. b. Félags Njalssinna,  
Ingvar Agnarsson.*

# Lífgeislar

Útgefandi: Félag Nýalsinna

Alfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765. Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður: Ingvar Agnarsson.

---

## EFNISYFIRLIT

Jörðin okkar séð úr geimnum (Sjá forsíðumynd) I.A. ... Bls. 38

### ERINDI:

Um framlífskenningar Nýals. H.G. ....	—	39
Nokkur orð um erlendar rannsóknir sem styðja kenningar dr. Helga Pjeturss. Ó.H. ....	—	46
Áhrifamáttur tónlistar og hljómasambanda. G.O. ....	—	51

### GREINAR:

Flutningur á milli stjarna. P.J. ....	—	57
Athugasemd eftir P.G. ....	—	60
Enn um helstefnu í listum. B.B. ....	—	61
Fornöld, miðaldir og nýja öld. P.G. ....	—	61

### DRAUMAR:

Draumur um skörp skuggaskil í landslagi. I.A. ....	—	64
Draumur um sítt hár. I.A. ....	—	65

### SAMBANDSFUNDIR:

Miðilsfundur 2. nóvember 1974, að Úlfsstöðum ....	—	66
Prándur (formaður) ....	—	66
Ullur ....	—	68
Baldur ....	—	68
Lofn ....	—	68
Jónas Steinsson ....	—	69

TIL LESENDA LÍFGEISLA. I.A. .... — 70

MYR, spekiorð frá ýmsum tímum. .... Bls. 45, 50, 56, 63.